

1. bekkur

Íslenska – 7 kennslustundir á viku

Eitt megin viðfangsefni fyrsta bekkjar er íslenskukennsla. Unnið er með stafi og hljóð og lestur kenndur með hljóðaaðferðinni sem grunnaðferð. Einnig er ritun þjálfuð jafnt og þétt.

Árgangurinn fær nákvæma áætlun á hverri önn þar sem markmið, leiðir og námsmat er útfært nánar auk viðfangsefna og námsefnis. Þessar áætlanir eru unnar upp úr skólanámskrá skólans og birtast á svæði nemenda á mentor.

Lestrarviðmið: Við lok 1. bekkjar ætti nemandi að geta lesið < 25 orð á mínútu.

Haustönn: stafainnlögn og tilheyrandi verkefni.

Vetrarönn: stafainnlögn og tilheyrandi verkefni, lesskilningsverkefni.

Vorönn: Stafainnlögn og tilheyrandi verkefni, lesskilningsverkefni, samlestur.

Stærðfræði - 6 kennslustundir á viku

Annað megin viðfangsefni fyrsta bekkjar er stærðfræðin. Lögð er áhersla á góðan talnaskilning og að þjálfja jöfnum höndum skráningu talna og tákna ásamt því að tileinka sér grunnaðgerðirnar samlagningu og frádrátt.

Árgangurinn fær nákvæma áætlun á hverri önn þar sem markmið, leiðir og námsmat er útfært nánar auk viðfangsefna og námsefnis. Þessar áætlanir eru unnar upp úr skólanámskrá skólans og birtast á svæði nemenda á mentor.

Haustönn: talning, flokkun, einingar og tugir, samlagning og frádráttur með eins stafs tölum.

Vetrarönn: samlagning með eins og tveggja stafa tölum, sléttar tölur og oddatölur.

Vorönn: samlagning og frádráttur með eins og tveggja stafa tölum, vasareiknir, mælingar og tölfræði.

Samfélagsgreinar og náttúrufræði - 2 kennslustundir á viku

Í fyrsta bekk er unnið að markmiðum samfélagsfræðigreina og náttúrufræðinni jöfnum höndum í samþættum verkefnum. Lögð er áhersla á að nemendur séu meðvitaðir um umhverfi sitt og séu meðvitaðir um samspil manns og náttúru.

Árgangurinn fær nákvæma áætlun á hverri önn þar sem markmið, leiðir og námsmat er útfært nánar auk viðfangsefna og námsefnis. Þessar áætlanir eru unnar upp úr skólanámskrá skólans og birtast á svæði nemenda á mentor.

Haustönn: komdu og skoðaðu land og þjóð, berjaferð

Vetrarönn: trúarbragðafræði, aðventuverkefni

Vorönn: komdu og skoðaðu dýrin, lambaferð

Enska - 1 kennslustund á viku

Að læra annað tungumál má segja að sé lykillinn að umheiminum.

Grunnurinn er lagður með því að byggja upp áhuga nemenda og jákvætt viðhorf til tungumálsins.

Árgangurinn fær nákvæma áætlun á hverri önn þar sem markmið, leiðir og námsmat er útfært nánar auk viðfangsefna og námsefnis. Þessar áætlanir eru unnar upp úr skólanámskrá skólans og birtast á svæði nemenda á mentor.

Leiklist

Lýsing á innihaldi kennslunnar:

Menntun í leiklist snýst um að þjálfar nemendur í aðferðum leiklistarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. (Aðalnámskrá Grunnskóla. 2011 – 2013. Bls. 145)

Nemendur í 1. bekk fá kennslu í leiklist 40 mínútur aðra hverja viku hálfur bekkur í senn.

Útskýring leiklistarmarkmiða:

Leiklistarmarkmið aðalnámskrár miðast við að nemendur ljúki í ákveðnum þrepum fram að fjórða bekk.

En þau markmið eru einfölduð í 1. bekk. Allir nemendur hafa alltaf sömu yfirmarkmið. Þau markmið sem talin eru upp hér á eftir eru einföldun á lokamarkmiðum 4. bekkjar sem finna má í aðalnámskrá grunnskólanna bls. 147. Leiklist er eina lístgreinin sem kennir þeim sem taka þátt að lifa lífinu. (Haraldur Blöndal. 1926)

Markmið 1. bekkjar:

Tekur virkan þátt. Þá er átt við að nemendi getir unnið með öðrum nemendum í hópi.

Sýnt tillitsemi. Horfi og taki þátt í umhverfinu með sínar þarfir og annarra að leiðarljósi.

Búi til stutta leikþætti. Söguþráður: upphaf, atburðarrás og endir.

Noti einfalda leikmuni. Til að styrkja persónusköpun.

Geti sett sig í spor annarra. Skilji hvað það er sem drífur aðrar persónur áfram.

Geti sagt frá sjálfum sér.

Skilji og læri reglur í samskiptum og leikjum.

Hvað það er að taka afleiðingum gerða sinna.

Jákvæð samskipti.

Læri að allir hafi sam rétt og jafnrétti er eðlilegur hlutur.

Læri að sitja og hlusta á aðra flytja mál sitt og spyrji viðeigandi spurninga.

Hlustun og einbeiting.

Kristín

Myndmennt

Markmið

Menntagildi og hæfniviðmið í sjónlistum koma fram í Aðalnámskrá Grunnskóla köflum 21.1 – 21.4. Þau markmið sem mest áhersla er lögð á í 1. bekk eru að nemendur:

- vinni myndræna frásögn úr nánasta umhverfi, upplifunum og ímyndunum.
- þekki hugtökin grunnform og náttúruleg form
- þekki frumlitina
- þekki mismunandi myndgerðir, t.d. málverk, teikningu, þrykk, ljósmynd, stytta o.s.frv.
- þekki hugtakið myndbygging og viti hvað er nálægð og fjarlægð
- skilji mikilvægi þess að ganga frá verkefnum, efnum og áhöldum
- geri sér grein fyrir verðmæti þeirra efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni
- þekki mismunandi myndir í umhverfi sínu, hlutverk þeirra og gerð; sem dæmi um þetta má nefna myndir til að fegra umhverfið, myndir til að varðveita augnablik, skýringarmyndir, auglýsingar, myndskreytingar o.s.frv.
- fjalli um hvaða gildi myndverk getur haft fyrir hvern og einn
- lýsi myndverki og skoðun sinni á því

Aðferðir

Nemdendur vinna verklega vinnu undir handleiðslu kennara.

Viðfangsefni

Fjölbreytt verkefni eru unnin. Þar á meðal sjálfsmynd, þrykk mynd, mótunarverkefni og klippimyndir. Unnið með málningu, blek, liti og annað sem þarf.

Kennslugögn

Pappír, litir af ýmsum gerðum, skæri, lím og fleira. Leir og yfirborðsefni.

Listverkabækur og myndabækur.

Námsmat

Nemendur safna verkefnum sínum í möppu sem er metin til einkunnar og einnig fer námsmat fram með símati.

Smíði í 1. bekk – 4 kennslustundir á viku. Kennt er í um það bil 8 vikna lotum.

- Lögð er áhersla á að nemendur kynnist helstu verkfærum smíðastofunnar, hömrum, sögum, sandpappír, reglustikum, tommustokkum, þjöllum, borum og borvélum.
- Einnig læra nemendur mismunandi yfirborðsmeðhöndlun eins og að mála eða lakka hluti.
- Nemendur kynnast mismunandi samsetningum eins og lími, vírum, nöglum, skrúfum og böndum.
- Hver árgangur fær skylduverkefni sem allir klára og að því loknu fá nemendur að spreyta sig á öðru og láta þá ímyndunaraflið ráða. Leitast er við að fá nemendur til að taka sem mestan þátt í sköpunarferlinu sjálfir og þeir hvattir til að fara sínar eigin leiðir í sköpun og hönnun.
- Unnið er eftir markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og þeim markmiðum sem sett eru upp þar og í skólanámskrá Grunnskóla Hornafjarðar.
- Námsmat fer fram alla önnina í formi símats og verkefni metin þegar þau eru tilbúin.

Textíll

Markmið

- ✓ Þjálfar fínhyreyfingar ásamt samhyfingu huga og handa. Læri að nota grunnform í teikningu og munsturgerð. Öðlist færni í að klippa, læri grunninn í útsaumi og vefnaði. Venji sig við að ganga frá áhöldum, efnum og verkefnum. Þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar.
- ✓ Nemandi fær viðfangsefni sniðið að hans þörfum.

Kennslugögn

- ✓ bækur, blöð og annað námsefni tengt greininni.
- ✓ Nálar, þrjónar, garn, efni og margt, margt fleira.

Námsmat

- ✓ Kennari metur lykilhæfni nemenda líkt og í öðrum greinum Grunnskóla Hornafjarðar. Til grundvallar námsmati er vinna og iðni nemenda, sjálfstæði og sköpun, verkefnin sjálf, vandvirkni og umgengni metin.